



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 22. febrúar 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, 311. mál, þingmannafrumvarp.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, 311. mál á 139. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 7. febrúar sl.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem miða að því að fella niður þá skyldu forstöðumanns að áminna starfsmann með formlegum hætti vegna brots á starfsskyldum starfsmannsins eða þegar hann hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem leiða af starfi hans. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilgangur þess sé að stefna að auknum sveigjanleika í rekstrarumhverfi stofnana ríkisins, að ríkið hafi ávallt á að skipa hæfustu starfsmönnum sem kostur er á hverju sinni og að fjármunir séu nýttir á sem árangursríkastan hátt. Þar kemur einnig fram að frumvarp sama efnis var lagt fram af fjármálaráðherra á 130. löggjafarþingi (2003-2004), en hlaut ekki afgreiðslu.

LÍ sendi Alþingi ítarlega umsögn um þetta frumvarp þegar það var lagt fram á 130. löggjafarþingi, sbr. bréf félagsins dags. 15. janúar 2004. Bréfið er að finna á heimasíðu Alþingis, sjá slóðina:

<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=130&malnr=307&dbnr=773&nefnd=ev>


LÍ telur að í raun séu fáu við fyrri umsögn að bæta en leyfir sér þó að hnykkja á eftirfarandi atriðum:

1. Ákvæði frumvarpsins um að fella niður ákvæði starfsmannalaga um skriflega áminningu eru mjög varhugaverð, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Ef ákvæðið yrði fellt niður gæti geðþótti orðið leiðarljós í vinnubrögðum og framkomu yfirmanna gagnvart starfsmönnum og réttarstaða og réttarvernd þeirra verulega skert. LÍ getur ekki fallist á að skilyrði um skriflega áminningu séu hamlandi, eins og fullyrt er í greinargerð með frumvarpinu.
2. Með sama hætti eru mjög varhugaverð ákvæði frumvarpsins um að málsmeðferðarreglur stjórnslulaga skuli ekki gilda þegar kemur að uppsögn ráðningarsamnings. Málsmeðferðarreglum stjórnslulaga er ætlað að tryggja borgurum eðlilega og réttláta málsmeðferð í samskiptum sínum við stjórnvöld. LÍ telur það í meira lagi sérkennilegt ef starfsmenn ríkisins í samskiptum sínum við ríkið sem

atvinnurekanda eigi að njóta lakari réttarstöðu en borgarar almenn njóta í samskiptum sínum við ríkið.

Að öðru leyti telur LÍ ekki ástæðu til að bæta við fyrri umsögn. LÍ leggst eindregið gegn samþykkt þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

A handwritten signature in cursive script, reading "Birna Jónsdóttir".

Birna Jónsdóttir,
formaður